



Nokkrar spurningar, sem æskilegt að fá skýringar á. 8. nóvember 1938

Bjarni Benediktsson – Nokkrar spurningar, sem æskilegt að fá skýringar á. 8. nóvember 1938

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-7, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nokkúrar spurningar, sem æskilegt er að
fá skýringar á.

- Y 1) Telur nefndin ekki sjálfsagt að tryggja uppfærslurétt starfsmannanna og forgangsrétt þeim til handa, ef um nýjar stöður er að ræða ?
- X 2) Álitur nefndin ekki að heppilegt væri, að sérstök nefnd hafi með ráðningu starfsmanna að gera, þarsem Starfsmfélagið ætti fulltrúa ?
- + 3) Er ekki átt við Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar þarsem talað er um félag starfsmanna í tillögunum ?
- + 4) Hefir nefndin gert ráð fyrir því, að samþykkt launareglugerðarinnar hefði í för með sér aukin útgjöld og hve mikil ?
- X 5) Finst nefndinni ekki eðlilegra, að breytingin á laununum fari fram í sambandi við verðvísitöluna en eftir tímabundinni endurskoðun ?
- + 6) Hefir nefndin reiknað með því lofordi borgarstjóra, sem hann gaf fyrverandi stjórn Starfsmfélagsins, að engin laun skyldu lækka við setningu launareglugerðar ?
- X 7) Hvernig er ákvæðið í § 5 um uppsögn vegna stöðubreytingar hugsað ?
- X 8) Er ekki fult eins heppilegt að lögmaður nefni mann í dóminn, sem talað er um í § 5, einsog hæstiréttur ?
- X 9) Telur nefndin ekki hyggilegt að binda ákvæðið um giftu konurnar við heimilistekjur ?
- + 10) Hvernig ber að skilja ákvæðin í § 8 um launuð störf og hvað er átt við með " þóknun " í niðurlagi sömu greinar ?
- X 11) Telur nefndin ekki eðlilegra að hafa ekkert bann á eftirvinnu í reglugerðinni, en herða hinsvegar á eftirliti með slíkri vinnu og hegna óstundvísi með frádragi í kaupum ?
- X 12) Telur nefndin að barnsfæðingar falli undir veikingaforföll ?
- + 13) Hvað er átt við með " aðstöðu " í § 7 ?
- + 14) Er það álit nefndarinnar að lögreglumenn geti fallið algerlega undir launasamþykktina, t. d. hvað við kemur ráðningu og uppsögn ?
- 15) Telur nefndin að ljósmæður falli ekki inn undir reglugerðina ?

8/11-1938.